

Mál nr. 308/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið váttryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 27. september 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 5. október 2022.

Málsatvik.

M slasaðist hinn 7. júlí 2021 í frítíma sínum og tilkynnti tjón sitt í slysaftryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hinn 15. september 2021 til V. Í svari V hinn 20. september 2021 kemur fram að slys M hafi verið skráð og vísað til bótaþátta váttryggingarinnar og M hvattur til að kynna sér efni váttryggingarskilmála. Hinn 25. júlí 2022 lá fyrir matsgerð vegna afleiðinga slyssins, en þar kom m.a. fram að varanleg læknisfræðileg örorka M var metin 5%. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að V hafi greitt bætur í formi dagpeninga vegna tímabundinnar óvinnufærni vegna slyss M en V hefur neitað að greiða bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku og vísað til gr. 5.2.2 í frítúmaslysaftryggingu í váttryggingarskilmálum þar sem segir að ekki séu greiddar út bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku ef hún er lægri en 15%.

M telur að V eigi að greiða bætur vegna 5% varanlegrar örorku M og að sú tjonstakmörkun sem komi fram í fyrrnefndu ákvæði 5.2.2 í váttryggingarskilmálum eigi ekki við í málinu. M vísar í þeim efnum til þess að V hafi ekki minnst orði á umrædda tjonstakmörkun í samskiptum við M eða lögmann. M byggir auk þess á því að ef V ætli að halda sig við jafn víðtæka ábyrgðartakmörkun og fram kemur í skilmálum þurfi hún að koma skýrt fram í váttryggingarskírteini, sbr. 18. tl. 2. gr og 12. gr. c í lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Einnig vísar M til þess að ef V ætli að takmarka ábyrgð sína þá verði það að tilkynna slíkt innan ástæðulauss dráttar, sbr. 94. gr. laga um váttryggingarsamninga. Einnig bendir M á að háttalag og sinnuleysi V geti með engu móti samræmst ákvæðum laga um váttryggingarsamninga þar sem víð samskipti vegna málsins, greiðslu dagpeninga, gagnaöflun og matsfund hafi aldrei verið minnst á umrædda takmörkun. M sé auk þess af erlendum uppruna og skilji takmarkað í íslensku.

V vísar til þess að ákvæði í váttryggingarskilmálum um 15% lágmark læknisfræðilegrar örorku til greiðslu bóta sé ekki ábyrgðartakmörkun heldur feli ákvæðið í sér skilyrði greiðsluskyldu. Einnig vísar V til þess að það hafi með tölvupósti til M hinn 20. september 2021 sérstaklega hvatt M til þess að kynna sér efni skilmála, sérstaklega hvað varðar rétt hans til bóta vegna læknisfræðilegrar örorku. V telur að félagið hafi gætt að fyrirmælum 18. tl. 2. gr. og c-liðar 12. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Einnig vísar V til þess að M hafi leitað til lögmanns vegna málsins strax í byrjun árs 2022 og lögmaðurinn hafi fengið bæði váttryggingarskírteini og váttryggingarskilmála í hendur strax þá. Einnig telur V að gildissvið 94. gr. laga um váttryggingarsamninga eigi ekki við um mál M þar sem tilkynningarskylda váttryggingafélaga á grundvelli þess ákvæðis eigi einungis við þegar þau bera fyrir sig að þau séu laus úr ábyrgð skv. XIII. kafla laganna, en ekkert komi fram í þeim kafla um skilyrði greiðsluskyldu váttryggingarskilmála og eigi ákvæðið því ekki við í máli M.

Álit.

Í málinu hverfist ágreiningur um gildissvið gr. 5.2.2 í váttryggingarskilmálum fjölskyldutryggingar M hjá V þar sem kemur fram eftirfarandi texti: „*Ekki eru greiddar bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku ef hún er lægri en 15%*“.

Í 12. gr.c. í lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 kemur fram hvað þurfi að koma fram í váttryggingarskírteini og að váttryggingafélag skuli afhenda viðskiptavini sínum slíkt skírteini og váttryggingarskilmála. Einnig kemur fram í staflíðum a.-g. í 12. gr. c hvað þurfi að koma fram í váttryggingarskírteini. Þar segir í e.lið að í váttryggingarskírteini skuli koma fram árétting til viðskiptavinar um að hann kynni sér ákvæði skilmála váttryggingarinnar sem varða fyrirvara sem tengjast greiðslu iðgjalds, takmörkun ábyrgðar, varúðarreglur sem um váttrygginguna gilda og fresti til að tilkynna um váttryggingaratburð. Í váttryggingarskírteini V vegna fjölskyldutryggingar M kemur slíkt

árétting fram um að kynna sér efni skilmála um t.d. takmörkun ábyrgðar. Verður umrædd lagagrein ekki túlkuð þannig að ákvæði, eins og í gr. 5.2.2 í váttryggingarskilmálum frítímaslysáttryggingar fjölskyldutryggingar V þurfi að koma fram í váttryggingarskírteininu sjálfu, en fyrirmæli 12. gr.c. kveða ekki á um það með skýrum hætti. Verður því ekki litið framhjá ákvæði gr. 5.2.2, svo sem vísað hefur verið til þess hér að ofan þannig að lagt sé til grundvallar að greiða eigi bætur fyrir 5% læknisfræðilega örorku, eins og M hefur krafist. Umrætt ákvæði er skýrt og þó fallast megi á að starfsmenn V hefðu getað minnt M eða lögmann hans á ákvæðið þegar tölvupóstur var sendur til M um bótaþætti tryggingarinnar eða þegar lögmaður M sendi upplýsingar til V um matsferli, þá verður ekki litið framhjá því að ákvæðið er hluti af váttryggingarsamningi M við V og höfðu M og lögmaður hans alla möguleika á því að kynna sér efni samningsins, eins og áréttað hafði verið við M að gera í váttryggingarskírteini sem og var vísað til þeirra í fyrrnefndum tölvupósti V til M hinn 20. september 2022.

Hvað varðar tilkynningaskyldu V skv. 94. gr. laga um váttryggingarsamninga þá nær hún eingöngu til þess þegar váttryggingafélög takmarka ábyrgð sína með hliðsjón af heimildum sem eru í XIII. kafla laganna. Ekki reynir á ákvæði þess kafla í málinu og verður því ekki byggt á þessari grein og M á skv. ofansögðu ekki rétt til bóta úr frítímaslysáttryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysáttryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 15. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir